



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Nefndasvið Alþingis
NEFND
nefndasvid@althingi.is

Akureyri, 16. maí 2024
Tilvísun: M240050522 / 00.08.00 Almennt

**Efni: Umsögn Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um eflingu og uppbyggingu sögustaða.
Þingskjal 1388-941. mál.**

Vísað er í erindi nefndarsviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 3.05. sl. þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um eflingu og uppbyggingu sögustaða.

Umsögn Ferðamálastofu

Ferðamálastofa fagnar framkominni þingsályktunartillögu sem og greinagerðinni sem henni fylgir en þar er fjallað um sögustaði á víðum grunni sem og sögustaði allra tíma sem er vel.

Það sem Ferðamálastofa vill leggja sérstaka áherslu á þegar kemur að hönnun svæða, staða, sýninga eða fræðsluefnis er að aðgengi fyrir alla verið sett í forgrunn, enda er slík nálgun í anda sjálfbærni sem er eitt af aðalsmerkjum framlagðrar ferðamálastefnu og aðgerðaráætlunar til 2030 sem nú liggur fyrir Alþingi. Samkvæmt Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni (WHO) búa um 15% jarðarbúa við einhverskonar fötlun. Þessi hópur er með misjafnar þarfir, mikilvægt er að svæði, staðir eða sýningar séu hönnuð þannig að tillit sé tekið til þarfa sem flestra.

Fulltrúar Ferðamálastofu eru reiðubúnir að koma á fund allsherjar og menntamálanefndar til að fylgja eftir umsögn sinni og svara þeim spurningum sem kunna að vakna.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu

